



SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar

1. gr.

Byggingarfulltrúi Kaldrananeshrepps fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 16/2010 um mannvirki og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, þar á meðal útgáfu byggingarleyfa.

2. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa samkvæmt III. kafla laga um mannvirki er að byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Kaldrananeshrepps hafi samþykkt útgáfuna, en nefndin annast verkefni byggingarnefndar, sbr. 7. gr. laga um mannvirki.

3. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa samráð við byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Kaldrananeshrepps um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið nefndarinnar.

Byggingarfulltrúi skal leita samþykkis byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Kaldrananeshrepps áður en byggingarleyfi er veitt, verði breyting á mannvirki útliti þess og formi, nema breyting sé óveruleg, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga um mannvirki.

4. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, laga nr. 160/2010 um mannvirki, skipulagslaga nr. 123/2010 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps 25.09.2024.

Drangnesi, 25. september 2024.

f.h. sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps,
Finnur Ólafsson oddviti.